

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
um nýsköpun í orkuframleiðslu.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvaða mismunandi tegundir orkuframleiðslu, sem ráðherra þekkir til, eru í þróun í heim-
inum og hvaða tegundir myndu henta vel á Íslandi?
2. Hver er stefna stjórnvalda varðandi nýsköpun í orkuframleiðslu?
3. Hversu miklir styrkir hafa verið veittir til nýsköpunar í orkumálum á undanförunum fimm
árum, flokkað eftir tegund orkuframleiðslu, sbr. 1. tölul.?
4. Endurspegla styrkir stjórnvalda til nýsköpunar í orkuframleiðslu opinbera stefnu? Hver
eru opinber markmið stjórnvalda með tilliti til hvernar tegundar orkuframleiðslu sem fær
styrk og hvernig gengur að ná þeim markmiðum?

Skriflegt svar óskast.